**Fjarðabyggð**
Starfslýsing

**Slökkviliðs og sjúkraflutningamaður**

# Starfslýsing

**Yfirmaður:** **Slökkviliðsstjóri**

**Stofnun / deild** Slökkvilið Fjarðabyggðar

## 1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Starfar við sjúkraflutninga og slökkvistörf á skipulögðum vöktum allt árið undir stjórn stjórnendateymis. Stjórnendateymi slökkviliðsins samanstendur af slökkviliðsstjóra, aðstoðarslökkviliðsstjóra og varðstjórum.

Er tiltækur viðbragðsaðili þar sem krafist er sértæks búnaðar og þekkingar og fellur undir starfssvið slökkviliðs og sjúkraflutninga. Telst til vakthafandi liðsheildar og sinnir útköllum þegar þörf er á. Hagar vinnu sinni í samræmi við lög, reglugerðir, starfslýsingu og starfsmannastefnu Fjarðabyggðar

## 2. Helstu verkefni

### 2.1. Almennt

- Sjúkraflutningar
- Slökkvistörf
- Þátttaka í æfingum og þjálfun annarra viðbragðsaðila.
- Umhirðu húss, tækja og búnaðar og annarri þeirri vinnu er stjórnandi felur honum.

### 2.2. Stjórnsýsla, nefndir og stefnumótun

- Tekur þátt í mótun verkferla og umbótastarfi.

### 2.3. Teymisvinna

- Er hluti af útkallseininingu varðliðs ásamt samvinnu annarra viðbragðsaðila. Tekur þátt í og eða leiðir eftir atvikum verkefni.

### 2.4. Samskipti

- Starfið reynir mikið á samskiptahæfni, gagnvart starfsmönnum, samstarfsaðilum og þjónustuþegum.

### 2.5. Önnur verkefni

- Tekur þátt í að skipuleggja og sinna fræðslu innan sem utan veggja stofnunar.
- Annast verkefnavinnu sem þörf er á vegna starfsemi slökkviliðsins.
- Umhirða húss og tækja. Einnig önnur verkefni er til falla á slökkvistöð.

## 3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

FJARÐABYGGÐ

**Slökkviliðs og sjúkraflutningamaður**

### 3.1. Menntun og reynsla

- Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8.gr. reglugerðar nr.792/2001, m.a.
    - Hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
- Hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun (stúdentspróf) og reynslu.
- Hafa að lokinni reynsluráðningu aukin ökuréttindi.

### 3.2. Hæfnisþættir

- Hafa faglega þekkingu á viðfangsefnum slökkviliðs og sjúkraflutninga
- Líkamlegt atgervi til að sinna sjúkraflutningum og slökkvistarfi.
- Leiðtoga- og skipulags hæfileikar.
- Jákvæðni
- Framúrskarandi samskiptahæfni.
- Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Geta til að taka þátt í breytingum.
- Heiðarleiki og trúverðugleiki.

Fjarðabyggð _________________

_____________________________ _________________________________

Yfirmaður Starfsmaður